




Knattspyrnufélagið Haukar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21/6/2015
Málsnr:	1407182
Bréfal:	250

Bæjarráð Hafnarfjarðar,
Strandgötu 4-6
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 19. júní 2015.


Ágæta bæjarráð.

Þann 27. maí sl. var tekið fyrir í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar erindi frá Knattspyrnufélaginu Haukum er varðaði tilraunaverkefni við rekstur fristundaheimilis að Ásvöllum á liðnum vetri. Verkefnið tókst einstaklega vel og ljóst er að góður faglegur grundvöllur er til rekstrar fristundaheimilis að Ásvöllum. Erindi Knattspyrnufélagsins Hauka í Fjölskylduráði var annars vegar að kynna hvernig til tókst á liðnum vetri sem og að sækja um fjárhagsstuðning vegna verkefnisins.

Fyrir um ári síðan óskaði Hafnarfjarðarbær eftir viðræðum við forráðamenn Hauka um mögulegan rekstur á fristundaheimili að Ásvöllum og kom beiðnin til vegna fjölda nemenda í Hraunvallaskóla og þrengsla sem heilsdagsskólanum var búinn. Haukar brugðust vel við og gerðu ráðstafanir til að hefja rekstur fristundaheimilis að Ásvöllum meðal annars með ráðningu starfsmanns. Þegar nær dró skólasetningu komu boð til Hauka um að Hafnarfjarðarbær hyggðist leita leiða til að búa betur að húsnæði heilsdagsskólans í Hraunvallaskóla og því myndi Hafnarfjarðarbær ekki leita til Hauka með rekstur heimilisins. Knattspyrnufélagið Haukar ákvað þó, þrátt fyrir þessa kúvendingu bæjaryfirvalda, að hefja rekstur fristundaheimilis að Ásvöllum, enda þegar búið að ráða einstakling í stöðu forstöðumanns.

Rétt er að benda á að með rekstri fristundaheimilis að Ásvöllum létti verulega á álagi á fristundaheimili Hraunvallaskóla. Ljóst er að heilsdagsskóli sem rekinn er af Hafnarfjarðarbæ er niðurgreiddur af almannafé og því eðlilegt að sambærileg starfsemi standi á jafnréttisgrunni. Með vísan til þess óskuðu Haukar eftir framlagi að fjárhæð kr. 2.570 þúsund. Þeirri beiðni hafnaði Fjölskylduráð og eru Haukar afar ósáttir við þá niðurstöðu. Knattspyrnufélagið Haukar óskar hér með að bæjarráð taki málið til endurskoðunar og afgreiðslu, þannig að Knattspyrnufélaginu Haukum verð greiddar kr. 2.570 þúsund.

Virðingarfyllst,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka.


Magnús Gunnarson
framkvæmdastjóri.

Meðfylgjandi er erindi Knattspyrnufélagsins Hauka til Fjölskylduráðs frá 27. maí sl.



Knattspyrnufélagið Haukar

Hafnarfjarðarbær
Innk: 24/6 2015
Málsnr: 1407/182
Bréfal: 250

Hafnarfjarðarbær,
Strandgötu 6,
Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 27. maí 2015.

Erindi til Fjölskyldusviðs vegna reksturs Frístundaheimilis Hauka að Ásvöllum.

Á liðnum vetri starfræktu Haukar Frístundaheimili fyrir grunnskólabörn í 1. og 2. bekk grunnskóla. Í byrjun skólaárs voru börnin fá en fjölgaði ört, jafnt og þétt, á haustmánuðum. Frá áramótum hafa að jafnaði verið 30 til 34 börn í Frístundaheimilinu. Yfir skólaárið 2014-2015 er samandreginn fjöldi barna í mánuðum talið 257.

Knattspyrnufélagið Haukar hafa lagt mikla áherslu á að öll umgjörð um Frístundaheimilið sé eins og best verður á kosið og að faglega sé staðið að öllum þáttum í rekstri heimilisins. Í því markmiði réðum við til starfa tvo einstaklinga sem eru menntaðir íþrótt- og heilsufræðingar sem hafa mikla reynslu af störfum með börnum á grunnskólaaldri. Þá var einnig ráðinn til starfa einn ófaglærður einstaklingur.

Óhætt er að segja að Haukar hafi fengið dýrmæta reynslu við rekstur Frístundaheimilisins á liðnum vetri sem mun nýtast vel á næsta skólaári. Það er einnig ánægjulegur vitnisburður um starfið í vetur að nú þegar hefur verið óskað eftir vist fyrir 37 börn næsta haust og þar af eru 27 börn sem voru í vetur í Frístundaheimilinu.

Faglegur rekstur Frístundaheimilis Hauka gekk í alla staði vel, en strax í upphafi var ljóst að veiki hlekkurinn var fjárhagslegur grunnur rekstrar, yrði eingöngu byggt á hóflegri gjaldskrá, líkt og í Frístundaheimilum sem rekin eru af Hafnarfjarðarbæ. Sá rekstur er niðurgreiddur og því eðlilegt að þeir sem stundi sambærilegan rekstur standi þar á jafnréttisgrunni.

Með vísan til funda undirritaðs með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar, sem og framlagðra gagna, er það ósk Knattspyrnufélagsins Hauka að Hafnarfjarðarbær styrki rekstur Frístundaheimilis Hauka, skólaárið 2014-2015 um kr. 2.570 þúsund. Þá er það ósk Knattspyrnufélagsins Hauka að sem allra fyrst verð gengið til samninga um rekstur Frístundaheimilis Hauka fyrir komandi skólaár.

Virðingarfyllt,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka

Magnús Gunnarsón
framkvæmdastjóri